

Hvalfjarðarsveit  
Jökull Helgason  
Innrimel 3, Melahverfi  
301 Akranes

Reykjavík, 1. júlí 2022  
UST202206-137/A.B.  
10.04.02

## **Efni: Tillaga - Aðalskipulag Hvalfjarðarsveitar 2020 – 2032 - Heildarendurskoðun**

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Hvalfjarðarsveitar er barst 14. júní sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að heildarendurskoðun á aðalskipulagi Hvalfjarðarsveitar 2020 – 2032.

### **Flokkar friðlýstra svæða**

Í kafla 7.1 í greinargerð er talið upp hvað telst til friðlýstra svæða. Umhverfisstofnun vill vekja athygli á að auk þeirra flokka sem taldir eru upp í greinargerðinni teljast fólkvangar, friðlýsing svæða í verndarflokki verndar- og orkunýtingaráætlunar og friðlýsing heilla vatnakerfa til friðlýstra svæða. Yfirfara þarf því þennan kafla.

Í greinargerð á bls. 48 segir að tvö friðlýst svæði séu í Hvalfjarðarsveit. Umhverfisstofnun bendir á að aðeins eitt friðlýst svæði er innan sveitarfélagsins, þ.e. Grunnafjörður líkt og fjallað er um í tillögunni. Friðlandið Blautós liggur að sveitarfélagsmörkum.

### **Grunnafjörður**

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að fjallað sé um í tillögunni hvort framkvæmdir sem liggja að Grunnafirði geti á einhvern hátt haft áhrif á friðlýsta svæðið. Samkvæmt 54. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd segir „*Ef starfsemi eða framkvæmdir utan friðlýsts svæðis, sem leyfisskyldar eru samkvæmt öðrum lögum, geta haft áhrif á verndargildi friðlýsta svæðisins skal taka mið af því við ákvörðun um veitingu leyfis. Leita skal umsagnar Umhverfisstofnunar áður en leyfi er veitt. Setja má skilyrði til að koma í veg fyrir skaða af starfseminni eða framkvæmdunum á hinu friðlýsta svæði.*

Varðandi lýsingu og skilmála telur stofnunin æskilegt að fjallað sé um aðgengismál um Grunnafjörð.<sup>1</sup>

### **Önnur náttúruvernd**

Á bls. 49 í greinargerð eru settir fram almennir skilmálar varðandi svæði sem eru skilgreind sem önnur náttúruvernd. Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að settir séu frekari skilmálar varðandi vernd þessara svæða þar sem að þessi svæði eru með mismunandi verndargildi og ekki einungis vernduð vegna birkiskóga.

Umhverfisstofnun bendir á að það þarf að merkja með texta, inn á skýringaruppdrátt VI, svæði sem falla undir aðra náttúruvernd. Auk þess þarf að bæta Eiðisvatni inn á uppdráttinn.

---

<sup>1</sup> <https://ust.is/nattura/naturuverndarsvaedi/fridlyst-svaedi/vesturland/grunnafjordur/>

### **Tillaga að framkvæmdaáætlun (B-hluta)**

Umhverfisstofnun bendir á að NÍ hefur sett fram tillögur að svæðum á framkvæmdaáætlun (B-hluta) náttúruminjaskrár út frá verndun vistgerða, fugla og jarðminja. B-hluti náttúruminjaskrár er skrá yfir þær náttúruminjar sem Alþingi hefur ákveðið að setja í forgang um friðlýsingu eða friðun á næstu fimm árum.

Umhverfisstofnun vill benda á að innan sveitarfélagsins er svæði sem er á tillögu NÍ að framkvæmdaáætlun (B-hluta) og má t.d. nefna Grunnafjörð og er svæðið tilnefnt vegna fugla og sela.<sup>2</sup> Einnig eru innan sveitarfélagsins tilnefnd svæði sem nefnast Hvalfjörður<sup>3</sup> og Mýrar – Löngufjörur.<sup>4</sup>

Tillögurnar hafa verið birtar á heimasíðu stofnunarinnar og fela í sér mat á verndargildi þeirra svæða sem þar eru tilgreind (<https://natturuminjaskra.ni.is/>).

Umhverfisstofnun bendir á að ekki er um að ræða gildandi B-hluta náttúruminjaskrár þar sem tillögurnar hafa ekki hlotið þá málsmeðferð sem um getur í lögum þar sem m.a. er haft samráð við sveitarfélögin, landeigendur og aðra hagsmunaaðila en áður en tillögurnar verða lagðar fyrir Alþingi verður haft samráð við áðurnefnda aðila.

Hins vegar er það mat stofnunarinnar að mikilvægt sé að hafa þær upplýsingar fyrir ofangreind svæði til hliðsjónar þegar skipulagsáætlunin er unnin, þegar áhrif á helstu umhverfisþætti eru metin og til að draga eins og kostur er úr neikvæðum áhrifum á verndargildi svæðisins. Auk þess bendir stofnunin á að þegar framkvæmdaáætlun (B-hluti) náttúruminjaskrár verður samþykkt af Alþingi getur það haft áhrif á verndarstöðu þeirra svæða sem tillagan nær til.

### **Loftslagsmál**

Í umhverfisskýrslu er á tveimur stöðum (bls. 76 og 78) vísað í losun og að losun sé 1800 t/ári en stofnunin telur óljóst hvað við er átt. Heimildin vísar í óvirka undirsíðu Umhverfisstofnunar sem er þó tengd ETS kerfinu og því er líklegt að heimildin snúi að gróðurhúsalofttegundum. Þá er trúlega átt við 1800 kt/ári en ekki 1800 t/ári (kílótonn en ekki tonn) sem er heildarlosun gróðurhúsalofttegunda (í CO<sub>2</sub> ígildum) allra ál- og kísilvera á Íslandi (5 verksmiðjur). Fram kemur í textanum að „nokkur hluti þessarar losunar er frá Grundartangasvæðinu“ sem er rétt, það er um helmingur, ca 900 kt (losun frá Norðuráli er um 500-550 kt CO<sub>2</sub> ígildi<sup>5</sup> og losun frá Elkem um 375 kt CO<sub>2</sub>-ígildi<sup>6</sup>).

Í umhverfisskýrslu kemur fram að losun gróðurhúsalofttegunda er hlutfallslega mikil innan Hvalfjarðarsveitar vegna stóriðju, og gæti jafnvel verið stærsti losunarþáttur innan sveitarfélagsins. Stóriðjan á Grundartanga losar tæp milljón tonn (1000 kt) CO<sub>2</sub>-ígildi af gróðurhúsalofttegundum á ári. Megnið er CO<sub>2</sub> en einnig aðrar gróðurhúsalofttegundir.<sup>7</sup>

Hvað brennistein varðar í samhengi við þessi 1800 tonn, þá er heildarlosun brennisteins (SO<sub>2</sub>) um 50 kt á ári á Íslandi og megnið er frá jarðvarmavirkjunum. Losun brennisteins

<sup>2</sup> <https://www.ni.is/greinar/ve-grunnafjordur>

<sup>3</sup> <https://www.ni.is/greinar/sv-hvalfjordur>

<sup>4</sup> <https://www.ni.is/greinar/ve-myrar-longufjorur>

<sup>5</sup> [https://nordural.is/wp-content/uploads/2022/05/NA\\_Graentbo%CC%81khalld\\_A4\\_2022\\_v3.pdf](https://nordural.is/wp-content/uploads/2022/05/NA_Graentbo%CC%81khalld_A4_2022_v3.pdf)

<sup>6</sup> <https://umhverfisskyrsla.elkem.com/3-2-losun-a-gastegundum>

<sup>7</sup> <https://ust.is/library/Skrar/loft/NIR/%c3%9atdr%c3%a1ttur%20NIR%202022.pdf>

frá ál- og kísilverum er um 12 kt af SO<sub>2</sub> á ári (þar af 1,6 kt frá Elkem og 3,3 kt frá Norðuráli).

Því er óljóst hvað er átt við á bls. 78 þar sem stendur „Losun brennisteins frá ál- og kísilmálmframleiðslu er um 1800 tonn á ári“.

Umhverfisstofnun bendir á að brennisteinsoxíð (SO<sub>2</sub>) og flúor eru ekki gróðurhúsalofttegundir sem valda loftslagsáhrifum. Þessi efni eru loftmengunarefni sem hafa áhrif á loftgæði. Samkvæmt bókhaldi stofnunarinnar um loftmengunarefni veldur SO<sub>2</sub> til að mynda öndunarfæraerfiðleikum hjá viðkvæmum. SO<sub>2</sub> hefur samt sem áður óbein áhrif á loftslagið þar sem það stuðlar að myndun loftsvífs/úðaefna (aerosols) sem hafa áhrif á hitastig jarðar.<sup>8</sup>

Flúor berst m.a. frá iðnaði með vindi í land, jarðveg og vatn. Flúor í miklu magni getur haft skaðleg áhrif á heilsu fólks. Það berst ólíklega með innöndun, heldur frekar í gegnum vatn/húsdýr/matvæli. Flúor er ekki gróðurhúsalofttegund (nema þó í efnasambandi með öðrum efnum), sbr. lög nr. 70/2012 um loftslagsmál.

Á bls. 78 í umhverfisskýrslunni segir að flúor og brennisteinn séu undir viðmiðunarmörkum og fari ekki yfir heilsuverndarmörk. Umhverfisstofnun bendir á að samkvæmt reglubundnu eftirliti stofnunarinnar í Norðurál 24. maí sl.<sup>9</sup> kom upp eitt frávik þar sem magn flúoríðs fór yfir starfsleyfismörk. .

### **Þynningarsvæði**

Þynningarsvæði eru skilgreind sem sá hluti viðtaka þar sem þynning mengunar á sér stað og ákvæði starfsleyfis kveða á um að mengun megi vera yfir umhverfismörkum eða gæðamarkmiðum, sbr. m.a. 3. gr. reglugerðar nr. 787/1999 um loftgæði og reglugerð nr. 941/2002 um hollustuhætti. Samkvæmt 23. gr. reglugerðar um hollustuhætti skal íbúðarhúsnæði ekki vera á þynningarsvæði.

Í greinargerð og umhverfisskýrslu er fjallað um þynningarsvæði starfseminnar sem er á Grundartanga. Umhverfisstofnun vill vekja athygli á að í erindi umhverfis- og auðlindaráðuneytisins til stofnunarinnar frá 10. júlí 2019 segir að í reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit sé ekki gert ráð fyrir þynningarsvæðum.

Fram kemur í erindinu að við endurskoðun starfsleyfa hjá Umhverfisstofnun þarf að fella brott ákvæði um þynningarsvæði. Ljóst er að endurskoða þarf starfsleyfi Norðuráls og járnblendiverksmiðjunnar Elkem á Grundartanga innan tíðar þar sem gefnar hafa verið út nýjar BAT-niðurstöður<sup>10</sup> (þ.e. niðurstöður um bestu aðgengilegu tækni) og uppfæra starfsleyfin í samræmi við þær niðurstöður.

<sup>8</sup> <https://ust.is/loft/losun-loftmengunarefna/losun-annarra-loftmengunarefna/>

<sup>9</sup> [https://ust.is/library/sida/atvinnulif/starfsleyfi-og-efirlitsskyrslur/Eftirlit%20me%20fr%20a1vikum%20-%20Copy%20\(7\).pdf](https://ust.is/library/sida/atvinnulif/starfsleyfi-og-efirlitsskyrslur/Eftirlit%20me%20fr%20a1vikum%20-%20Copy%20(7).pdf)

<sup>10</sup> <https://ust.is/atvinnulif/opinber-birting/upplýsingar-um-utgafu-bat-nidurstadna/>;  
<https://www.efta.int/sites/default/files/documents/legal-texts/eea/other-legal-documents/solr/translated-legal-acts/icelandic/i32016D1032.pdf>.

### **Varúðarsvæði**

Á sveitarfélagsupprættinum er lagt til að varúðarsvæði verði skilgreint á nágildandi þýningarsvæði. Svipað hefur verið gert og er í aðalskipulagi annarra sveitarfélaga þar sem eru álver, svo sem í Fjarðarbyggð (Norðurál) og Hafnarfjarðarbæ (Rio Tinto).

Umhverfisstofnun telur mikilvægt og til bóta að varúðarsvæði verði skipulagt á sama svæði og nágildandi þýningarsvæði sbr. skipulagsreglugerð og verði áfram eftir afnám þýningarsvæðanna. Umhverfisstofnun telur mikilvægt að gerðar verði mælingar á svæðinu og skoðað hvort setja þurfi nýjar mælistöðvar til að mæla losun frá starfseminni. Mælingarnar eru mikilvægar til að sjá hvort umhverfis- og heilsuverndarmörk séu uppfyllt utan viðkomandi iðnaðarsvæðis. Því er ekki æskilegt að fella niður eða breyta varúðarsvæðinu fyrir en slíkar niðurstöður fást.

Umhverfisstofnun bendir einnig á að samkvæmt skipulagsreglugerð nr. 90/2013 skal tilgreina í aðalskipulagi svæði þar sem sérstakar aðstæður kalla á takmarkanir á landnotkun, mannvirkjagerð eða umgengni, sjá 4.3 gr. um gerð aðalskipulags hvað varðar viðfangsefni skipulags og takmarkanir á landnotkun. Varúðarsvæði eru svæði þar sem heilsu eða öryggi kann að vera ógnað, svo sem vegna hávaða, mengunar, hættulegra efna og annarra takmarkana sem setja þarf í varúðarskyni. Líkt og fjallað er um að ofan getur starfsemin á Grundartanga ógnað heilsu eða öryggi. Í 4.3.1. gr. skipulagsreglugerðar er fjallað um viðfangsefni og efnistöð aðalskipulags. Í 1. lið ákvæðisins er kveðið á um varúðarsvæði og náttúruvá. Þar kemur m.a. fram að þar er önnur hættu fyrir heilsu og öryggi almennings svo sem vegna mengandi atvinnustarfsemi. Eðli hættu eða mengunar sem starfsemi getur valdið, *svo sem frá álverum*.

Stofnunin bendir á að umfjöllun um varúðarsvæði vantar í umhverfisskýrslu og greinargerð sveitarfélagsins.

### **Loftlagsstefna**

Umhverfisstofnun vill benda á að í c. lið. 5. gr. laga nr. 70/2012 um loftslagsmál segir, að sveitarfélög skulu setja sér loftslagsstefnu, þar sem stefnan skal innihalda skilgreind markmið um samdrátt í losun gróðurhúsalofttegunda og kolefnisjöfnun starfseminnar ásamt aðgerðum svo að þeim markmiðum verði náð.

### **Loftgæði**

Umhverfisstofnun vill benda á áætlun stjórnvalda um loftgæði sem nefnist *Hreint loft til framtíðar - áætlun um loftgæði á Íslandi 2018-2029* þar sem markmiðið er að stuðla að loftgæðum og heilnæmu umhverfi.

Áætlunin, sem gefin var út árið 2017, hefur það að megin markmiði „að stuðla að loftgæðum og heilnæmu umhverfi“ en leiðarljós hennar er: „að almenningur á Íslandi búi við hreint og heilnæmt andrúmsloft og að komandi kynslóðir megi njóta sömu eða betri loftgæða og þær sem nú byggja landið“.

### **Skógrækt**

#### *Votlendi*

Umhverfisstofnun bendir á að skógræktarsvæði geta haft áhrif á votlendi sem fellur undir 61. gr. náttúruverndarlaga nr. 60/2013, eins og svæði SL2. Auk þess eru fjölmörg

votlendissvæði sunnan og vestan við Eiðisvatn sem hafa hátt verndargildi og eru á lista Bernarsamningsins yfir vistgerðir sem þarf að vernda.

Mikilvægt er að skógræktarsvæðin séu afmörkuð með tilliti til votlendissvæðanna og séu fyrir utan þau. Einnig er mikilvægt að fjallað sé um í skilmálum um réttaráhrif 61. gr. náttúruverndarlaga hvað varðar vernd votlendis.

#### *Ásýnd*

Umhverfisstofnun telur mikilvægt að skógræktarsvæðið falli vel að landslaginu en í 70. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd segir: „*Við túnrækt, skógrækt, uppgræðslu lands, skjólbeltagerð og aðra ræktun skal þess gætt að hún falli sem best að heildarsvipmóti lands og raski ekki náttúru- og menningarminjum. Við gerð áætlana, mat á umhverfisáhrifum og afgreiðslu umsókna vegna leyfisskyldrar ræktunar skal taka afstöðu til þessara atriða.*“

Umhverfisstofnun telur mikilvægt að huga að sjónrænum áhrifum skógræktar, þannig að ekki vaxi upp ferningslaga ræktunarsvæði eins í Ferstiklu (SL8) og Eyrarskjóli (SL21) heldur verði fylgt formum landslags eins og kostur er og tekið tillit til sérkenna landslags á hverjum stað. Til að unnt verði að ná þessum markmiðum ætti að hanna skógrækt á hverjum stað.

#### *Útlendar tegundir*

Umhverfisstofnun bendir á að samkvæmt 10. gr. reglugerðar nr. 583/2000 um innflutning, ræktun og dreifingu útlendra plöntutegunda er ræktun útlendra plöntutegunda óheimil á svæðum sem njóta sérstakrar verndar eða eins og segir í greininni: „*Öll ræktun útlendra tegunda hér á landi er óheimil á friðlýstum svæðum, á landslagsgerðum sem njóta sérstakrar verndar og alls staðar ofan 400 metra hæðar yfir sjó.*“ Að mati Umhverfisstofnunar eiga framangreind ákvæði erindi í skilmála stefnunnar og svæðanna.

#### *Vistgerðir og fuglar*

Almennt séð ætti, að mati stofnunarinnar, að forðast röskun á vistgerðum með hátt verndargildi og búsvæðum ábyrgðartegundum fugla með skógræktar- og landgræðslusvæða eins og kostur er líkt og fjallað er um hér að ofan.

Umhverfisstofnun bendir á að á skógræktarsvæðum getur verið að finna m.a. ríkulegt fuglalíf og vistgerðir með hátt og mjög hátt verndargildi eins og starungsmýravist og língresis- og vingulsvist samkvæmt Vistgerðarkorti Náttúrufræðistofnunar Íslands (<http://vistgerdakort.ni.is/>).

Umhverfisstofnun leggur áherslu á að svæðum verði ekki raskað sem hafa vistgerðir með hátt verndargildi, sem eru mikilvæg fyrir mófugla og sem eru mikilvæg fuglum sem eru á valista og ber að vernda.

Umhverfisstofnun bendir á að margar ábyrgðartegundir Íslands eru vaðfuglar/mófuglar sem nýta sér flatlendi með lággróðri og votlendi til að byggja á afkomu sína. Með skógrækt verður til annars konar búsvæði sem aðrar fuglategundir kunna að nýta sér, líkt og ýmsar spörfuglategundir, en Umhverfisstofnun bendir á að þessar tegundir fugla eru ekki ábyrgðartegundir Íslands.

Ekki er gerð nægjanleg grein fyrir áhrifum fyrirbyggjandi skógræktar á svæðið og hvort sé um að ræða svæði sem getur talist búsvæði fugla sem eru ábyrgðartegundir að mati Umhverfisstofnunar.

Umhverfisstofnun telur mikilvægt að þetta komi fram í tillögunni og hvaða leiðir verði farnar til að draga úr neikvæðum umhverfisáhrifum á ofangreindar vistgerðir og búsvæði fuglanna.

### **Iðnaðarsvæði**

Á uppdrætti er skilgreint iðnaðarsvæði I6 við Skollmóa, sunnan frístundabyggðar (F37) og því mikilvægt að það komi fram hverskonar starfsemi eigi að fara þar fram.

### **Vatnamál**

Umhverfisstofnun bendir á að fyrsta vatnaáætlun Íslands var staðfest í apríl 2022 á grunni laga nr. 36/2011 um stjórn vatnamála. Markmið laganna er að vernda allt vatn (yfirborðsvatn og grunnvatn) og vistkerfi þess, hindra frekari rýrnun vatnsgæða og bæta ástand vatnavistkerfa til þess að vatn njóti heildstæðrar verndar. Jafnframt er lögunum ætlað að stuðla að sjálfbærri nýtingu vatns sem og langtímavernd vatnsauðlindarinnar.

Öll vatnshlot eiga að ná umhverfismarkmiðum sínum. Samkvæmt lögunum má ástand vatnshlota ekki rýrna. Gerist slíkt þarf að setja fram aðgerðir til að draga úr álagi á vatnshlotið með það að markmiði að bæta ástandið. Umhverfisstofnun bendir á að í 28. gr. laga nr. 36/2011 um stjórn vatnamála, þar sem fjallað er um réttaráhrif vatnaáætlunar, segir að opinberar áætlanir á vegum stjórnvalda, svo sem vegna skipulagsmála, náttúruverndar, orkunýtingar og samgangna, skulu vera í samræmi við þá stefnumörkun um vatnsvernd sem fram kemur í vatnaáætlun. Við endurskoðun eða breytingu skipulagsáætlunar sveitarfélags skal, þegar við á, samræma skipulagsáætlunina vatnaáætlun innan sex ára frá staðfestingu vatnaáætlunar.

Vatnshlotin sem búið er að afmarka á skipulagssvæðinu eru nokkuð mörg (ársósavatn, straumvatn, stöðuvötn og strandsjór) en aðeins eitt þeirra hefur skráð álag eða Hvalfjörður nr. 104-1330-C.

Í kafla 6.2 um forsendur er umfjöllun um neysluvatn og þörfina á að vernda auðlindina sem og að finna ný vatnsból vegna stækkunar þéttbýlis og iðnaðar á svæðinu. Umhverfisstofnun vill gjarnan styrkja samstarf við sveitarfélagið þegar kemur að upplýsingum um magn vatns og nýtingu á því en krafa laga nr. 36/2011 um stjórn vatnamála er meðal annars að grunnvatn skuli vera með góða magnstöðu og í góðu efnafræðilegu ástandi. Því er mikilvægt að vita bæði hvert ástand grunnvatnsins er og hversu mikil nýtingin er svo ekki sé gengið of langt á auðlindina.

Í kafla nr. 2.8.6 er vísað til flokkunar á vatni skv. reglugerð nr. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns en Umhverfisstofnun bendir á að ekki er lengur nauðsynlegt að flokka vatn í samræmi við þá reglugerð. Lög nr. 36/2011 taka í raun yfir þá flokkun og kröfur um vernd vatns eru settar fram í vatnaáætlun (2022- 2027).

Í greinargerð kemur fram að gert er ráð fyrir 27 lóðum á jörðinni Efra-Skarði og þess getið að jörðin sé að hluta á vatnsverndarsvæði. Samkvæmt skipulagsuppdrætti er hluti afmarkaðs svæðis F6 inni á svæði vatnsverndar og eins og tekið er fram í forsendum eru nokkuð strangar kröfur um uppbyggingu á slíkum svæðum. Í 13. gr. reglugerðar nr. 796/1999, sbr. breytingarreglugerð nr. 533/2001<sup>11</sup>, um varnir gegn mengun vatns, er mælt fyrir um takmarkanir á landnýtingu. Samkvæmt framangreindu ákvæði er óheimilt að

---

<sup>11</sup> <https://www.reglugerd.is/reglugerdir/eftir-raduneytum/umhverfisraduneyti/nr/4495>.

vera með framkvæmdir og sumarbústaði á hluta svæðisins F6. Því ætti ekki leyfa byggingar, sumarbústaði eða sambærilegar byggingar á svæðinu. Sveitarfélagið ætti því að endurskoða fyrirhugaða landnotkun á þessu svæði með tilliti til reglugerðarinnar.

### Fráveita

Umhverfisstofnun bendir á að samkvæmt lögum nr. 9/2009, um uppbyggingu og rekstur fráveitna, ber sveitarfélag ábyrgð á uppbyggingu og rekstri fráveitna. Kröfur um hreinsun á fráveituvatni frá bæði dreifbýli og þéttbýli eru settar fram í reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólpi.

Varðandi kafla 6.3 í skýrslu um forsendur bendir Umhverfisstofnun á mikilvægi þess að fjallað sé ítarlegar um hver staða fráveitumála sé í sveitarfélaginu, þar sem komi fram magn og umfang fráveitu, eðli hreinsivirkja. Kröfur um hreinsun á skólpi eru tveggja þrepa nema þar sem heimiluð er minni hreinsun eða þörf er á meiri hreinsun (viðkvæm svæði). Rotþró t.d. ein og sér er ekki fullnægjandi hreinsun heldur þarf einnig siturbeð eða annars konar hreinsistöð til að uppfylla kröfur um hreinsun.

Í kafla 2.2 í greinargerðinni bendir Umhverfisstofnun á að mikilvægt er að gera ítarlegar grein fyrir því hver stefna sveitarfélagsins er varðandi endurbætur og tímaramma þar sem þörf er á endurbótum. Þá skal einnig bera áætlanir undir Heilbrigðiseftirlit Vesturlands. Heilbrigðiseftirlitið gefur út starfsleyfi fyrir fráveitu í þéttbýli í samræmi við 14. gr. reglugerðar nr. 798/1999 um fráveitur og skólpi. Auk þess skal afla fyrirmæla og leyfis heilbrigðisnefnda hverju sinni fyrir hreinsivirki sem ekki eru tengd fráveitu þéttbýlis (15. gr.). Umhverfisstofnun hvetur sveitarfélagið til að skoða fleiri leiðir til hreinsunar á skólpi, s.s. hreinsun með tilbúnu votlendi sem gæti vel komið til greina fyrir t.d. Melahverfi.

Í kafla 2.7.4 um fráveitu kemur fram undir almennum skilmálum að þar sem viðtakinn er grunnvatn/ferskvatn skal vera ítarlegri hreinsun frárennslis. Þessi setning er ekki nægjanlega skýr að mati Umhverfisstofnunar en almenna krafan um hreinsun er tveggja þrepa en þar sem losun fráveituvatns er á viðkvæmu svæði þarf ítarlegri hreinsun.

Umhverfisstofnun vill einnig benda á mikilvægi þess að skoða leiðir til nýtingar á seyru sem fyrst, enda stutt í að urðun á seyru verði ekki lengur leyfð. Þá mætti skoða möguleg landsvæði þar sem hægt er að dreifa seyru eða koma henni til meðhöndlunar annars staðar.

### Úrgangur

Umhverfisstofnun bendir á að ráðherra gaf út, í júní 2021, nýja stefnu í úrgangsmálum sem nefnist *Í átt að hringrásarhagkerfi*. Þegar kemur að innleiðingu hringrásarhagkerfis, í úrgangsmálum á Íslandi, er um að ræða tvær stefnur ráðherra sem mynda sameiginlega heildarstefnu í úrgangsmálum. Annars vegar stefna um úrgangsförvarnir, sem kom út í fyrsta sinn árið 2016 undir heitinu *Saman gegn sóun*, og hins vegar stefnan um meðhöndlun úrgangs. Saman mynda þessar stefnur eina heildarstefnu í úrgangsmálum sem nefnist: *Í átt að hringrásarhagkerfi*. Umhverfisstofnun telur mikilvægt að horft sé til stefnunnar í áætlanagerð sveitarfélagsins.

Í greinargerð kemur fram að lögð verði áhersla á flokkun sorps, jarðgerð og fræðslu um lágmörkun úrgangs (bls. 12). Auk þess sem leitað verði leiða til að bæta fyrirkomulag söfnunar og förgunar úrgangs og unnið að úrbótum í sorphirðumálum, m.a. með skilvirkari flokkun sorps, endurvinnslu og endurnýtingu (bls. 33). Umhverfisstofnun

bendir á að þann 1. janúar 2023 tekur gildi breyting á lögum nr. 103/2021 um breytingu á m.a. lögum um meðhöndlun úrgangs, sem er hluti innleiðingar á áður nefndri stefnu ráðherra í úrgangsmálum. Með breytingunni verður m.a. skylt að safna sérstaklega nokkrum tegundum heimilisúrgangs og verður sveitarfélögum skylt að innheimta gjald sem næst raunkostnaði fyrir meðhöndlun úrgangs, s.s. miðað við magn, gerð, losunartíðni eða aðra þætti.

### **Mengaður jarðvegur**

Stofnunin vill koma því á framfæri að skv. 12. gr. reglugerðar 1400/2020, um mengaðan jarðveg, skal Umhverfisstofnun vinna að gerð gagnagrunns yfir menguð svæði eða svæði þar sem grunur er um mengun. Samkvæmt 13. gr. sömu reglugerðar skulu sveitarfélög taka mið af þessari skrá við gerð skipulags. Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að tillagan takið mið af ofangreindri reglugerð við gerð umhverfismats.

Að mati Umhverfisstofnunar ætti að skilgreina þessi svæði sem varúðarsvæði, sbr. skipulagsreglugerð nr. 90/2013.

### **Starfsleyfi**

Stofnunin bendir á að skv. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir skal allur atvinnurekstur, sem sótt er um starfsleyfi fyrir, vera í samræmi við skipulag. Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að fram komi með skýrum hætti í skipulagstillögunni hvar leyfilegt sé að vera með starfsemi sem er starfsleyfisskyld hjá Umhverfisstofnun, eða heilbrigðisnefnd, til að hægt sé að meta hvort starfsemin samræmist skipulagi, skv. lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit.

### **Efnistaka**

Í greinargerð á bls. 35 eru sett fram stefna og skilmálar varðandi efnistöku. Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að ákvæði tillögunnar á efnistökusvæðum séu í samræmi við ákvæði náttúruverndarlaga, þá sérstaklega 61. gr. laganna.

Umhverfisstofnun bendir á að mikilvægt er að skilgreina hvað átt er við með orðalaginu, efnistaka til eigin nota, hver skilningur sveitarstjórnar sé með orðalaginu minniháttar efnistaka og hvernig sú efnistaka sé flokkuð og hvernig sveitarfélagið hyggst framfylgja stefnunni, þá sérstaklega varðandi efnistöku á verndarsvæðum.

Mikilvægt er að hugað sé til framtíðar að frágangi eldri náma áður en farin eru að myndast há stál sem erfitt er að ganga frá og verða lýti í landslagi.

Varðandi efnistöku á Mið – Sandi (E 35) þarf að fara varlega, þar sem efnistökusvæðið liggur í leirum sem eru mikilvægt fæðusvæði votlendisfugla og fellur svæðið auk þess undir 61. gr. náttúruverndarlaga.

### **Frístundabyggð**

Í forsendum segir að sveitarfélagið vilji áfram stuðla að verndun náttúrulegra birkiskógavistkerfa innan sveitarfélagsins og innan þessara svæða er gjarnan frístundabyggð og því er mikilvægt að settir séu skilmálar varðandi umgengni og eftir atvikum val á öðrum tegundum til trjáplöntunar. Auk þess segir í forsendum að endurheimt birkiskóga, landgræðsluskógar, ræktun skóga til útivistar og timburnytja eru allt dæmi um aðgerðir sem skila ávinningi fyrir loftslagið og að birkiskógar eru jafnframt



á lista Bernarsamningsins. Einnig kemur fram í forsendum að sérstæðir og vistfræðilega mikilvægir birkiskógar falla undir 61. gr. náttúruverndarlaga. Auk þess vill Umhverfisstofnun vekja athygli á að markmið laga nr. 33/2019 um skóga og skógrækt er að vernda náttúruskóga landsins og stuðla að aukinni útbreiðslu þeirra.

Hins vegar er lítið fjallað um almenna skilmála varðand umgengni og vernd birkiskóga á frístundasvæðum.

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að settir séu almennir skilmálar sem snúa að verndun birkiskóga og reitir undir frístundabyggð séu afmarkaðir með ofangreint í huga. Þónokkur frístundasvæði geta haft neikvæð áhrif á birkiskóga og votlendi sem falla undir 61. gr. náttúruverndarlaga, svæði sem eru hverfisvernduð og eru á náttúruminjaskrá. Þar má nefna svæði F19a/e og F20a/b.

Varðandi endurbyggingu á núverndi frístundahúsum bendir Umhverfisstofnun á mikilvægi þess að það sé nægt rými fyrir aðgengi almennings meðfram strandlengjunni, ám og vötnum svo að útivistargildi skerðist ekki og bendir á skipulagsreglugerð nr. 90/2013 gr.5.3.2.14., þar sem fjallað er um aðgengi almennings að vötnum, ám og sjó.

#### *Votlendi*

Umhverfisstofnun bendir á að við Glammastaði (F14) við Kjarrás 13- 15 er votlendi sem fellur undir 61. gr. náttúruverndarlaga og því mikilvægt að almennir skilmálar taki mið af lögunum.

#### **Hafnarsvæði**

Í greinargerðinni kemur fram að gert er ráð fyrir stækkun hafnarinnar (H1) með lengingu hafnarbakka, allt að 700 m. Í greinargerð kemur fram hver sé stærð hafnarsvæðanna í hekturum, en mikilvægt er að mati stofnunarinnar að það komi fram hver fyrirhuguð stækkun er og hver áætluð efnisþörf (í m<sup>3</sup>) landfyllingar og varnargarða er.

Miðað við ofangreindar upplýsingar verður um opna landfyllingu að ræða og því um að ræða varp í hafið samkvæmt 9. gr. laga nr. 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda. Umhverfisstofnun vekur athygli á að samkvæmt 9. gr. laganna er varp efna og hluta í hafið óheimilt. Umhverfisstofnun getur þó, að fenginni umsögn Hafrannsóknastofnunar, veitt leyfi til varps í hafið. Umhverfisstofnun vill vekja athygli á að með umsókn um leyfi til varps í hafið, þurfa að berast stofnunni upplýsingar samkvæmt viðauka I við leiðbeinandi reglur um meðferð dýpkunarefnis.

Í umsókninni þarf m.a. að koma fram stærð garðanna í m<sup>3</sup> og hvers konar efni verður notað í varnargarðana (kornastærð). Umhverfisstofnun bendir á að aukin skipaumferð um höfnina gæti haft neikvæð áhrif á sellátur landsels. Sérstaklega þegar selirnir eru að kæpa (maí-júní). Staðsetning selláttra má nálgast í kortasjá Náttúrufræðistofnunar Íslands (<http://selalatur.ni.is/>).

#### **Vindorka**

Á bls. 33 í forsendum tillögunnar er fjallað um svæði sem henta ekki til vindorku. Um er að ræða svæði sem falla undir A-hluta náttúruminjaskrár og hafa verið friðlýst skv. lögum nr. 60/2013 um náttúruvernd og önnur svæði sem njóta verndar skv. sérlögum.

Umhverfisstofnun bendir á einnig þarf að meta áhrif vindorkuvera utan friðlýstra svæða og athuga hvort að verin rýri verndargildi þeirra. Í 54. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd segir að: „Ef starfsemi eða framkvæmdir utan friðlýsts svæðis, sem

*leyfisskyldar eru samkvæmt öðrum lögum, geta haft áhrif á verndargildi friðlýsta svæðisins skal taka mið af því við ákvörðun um veitingu leyfis. Leita skal umsagnar Umhverfisstofnunar áður en leyfi er veitt. Setja má skilyrði til að koma í veg fyrir skaða af starfseminni eða framkvæmdunum á hinu friðlýsta svæði. Um aðra starfsemi og framkvæmdir gildir aðgæsluskylda skv. 6. gr.“*

Auk þess kemur fram í forsendum að vindorkuver geta verið réttlætanleg á svæðum sem falla undir 61. gr. náttúruverndarlaga með réttum skilyrðum og mótvægisáðgerðum, m.a. með því að hanna og staðsetja mannvirki á þann hátt að þau rýri ekki gildi svæðanna og áhrif af uppbyggingu séu afturkræf.

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að tillagan taki mið af ákvæðum laganna en samkvæmt 3. mgr. ákvæðisins ber að forðast röskun þeirra náttúrufyrirbæra, sem undir greinina falla, nema brýna nauðsyn beri til og ljóst að aðrir kostir séu ekki fyrir hendi. Í greinargerð með frumvarpi til laga um náttúruvernd er með orðalaginu „brýn nauðsyn“ lögð áhersla á að einungis mjög ríkir hagsmunir geti réttlætt röskun og þá fyrst og fremst brýnir almannahagsmunir.

Það er mat Umhverfisstofnunar í stað þess að hvert sveitarfélag ákveði að staðsetja vindmyllur hvert í sínu sveitarfélagi, eigi frekar að líta til landsins í heild og velja svæði sem hentar til slíkrar orkuframleiðslu þar sem hægt er að koma fyrir mjög mörgum vindmyllum í stað þess að dreifa þeim um land allt.

Umhverfisstofnun bendir á að vindorkuver geta haft neikvæð áhrif á ásýnd svæða. Í þessu samhengi bendir stofnunin á leiðbeiningarit Skipulagsstofnunar,<sup>12</sup> sem nefnist *Um skipulag og vindorkunýtingu*. Þar kemur fram að vindmyllur séu mjög áberandi í allt að 16 km fjarlægð og geti verið ráðandi í landslagi. Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að í tillögnum sé fjallað um umhverfisáhrif vindorkuversins á ferðamennsku og efnistökusvæði og hvernig förgun og frágangi verði háttáð á vindrafstöðvum að líftíma loknum.

Virðingarfyllst,

Axel Benediktsson  
*sérfræðingur*

Agnes Þorkelsdóttir  
*sérfræðingur*

---

<sup>12</sup> <https://www.skipulag.is/media/pdf-skjol/Um-skipulag-og-vindorkunyingu.pdf>